

Ed.

647. Breytingartillögur

[83. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá viðskiptamálaráðherra.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsg., þannig:

Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt áliti sínu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 16. gr. laganna bætist:

Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.